

**REGLUGERÐ****um vörugjald****I. KAFLI****Vörugjald****Almenn ákvæði****1. gr.**

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald. Gjaldið skal greitt í tveimur gjaldflokkum af vörum sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, svo sem kveðið er á um í eftirfarandi gjaldskrá:

**A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 7% gjald:**

Tollskrárn.	Vöruheiti
17.04.01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur
17.04.03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a.
17.04.04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað
17.04.05	Karamellur
17.04.06	Vörur úr gúmmí arabikum
17.04.09	Aðrar vörur sem teljast til nr. 17.04., ót. a.
18.06.04	Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri
18.06.05	Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt
18.06.06	Fyllt súkkulaði og súkkulaðihúðað sælgæti, þ. m. t. konfekt
18.06.09	Aðrar vörur sem teljast til nr. 18.06., ót. a., þó ekki súkkulaðiis og ís húðaður með súkkulaði
úr 19.08.03	Kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur sem innihalda 20% eða meira af súkkulaði miðað við þyngd
úr 19.08.04	
úr 19.08.09	
21.07.04	

**B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:**

Tollskrárn.	Vöruheiti
úr 20.07	Efni tilreið til framleiðslu á vörum sem falla undir nr. 22.02 samkvæmt nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins
úr 21.07	
22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru
22.02.01	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetisafi er telst til nr. 20.07
og 22.02.09	
22.03.01	Öl gert úr malti
og 22.03.09	

**II. KAFLI****Innflutningur****2. gr.**

Vörugjald sky. 1. gr. skal lagt á tollverð gjaldskyldrar innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum. Skal vörugjald innheimt með aðflutningsgjöldum.

Um ákvörðun tollverðs og aðflutningsgjalda gilda ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum. Önnur gjöld en tollur teljast því ekki gjaldstofn við útreikning á vörugjaldi samkvæmt reglugerð þessari.

Þegar vara er flutt inn til eigin nota eða neyslu innflytjanda og söluskattur er innheimtur við tollafgreiðslu reiknast vörugjald sem söluskattsstofn.

### 3. gr.

Af vörum sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., eða undanþegnar hafa verið aðflutningsgjöldum að öllu leyti samkvæmt heimild í 9. eða 42. tl. 3. gr. sömu laga eða settar í tollvörugæmslur samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/1960 um tollvörugæmslur o. fl. og reglugerðar settri samkvæmt þeim lögum og útfluttar innan tilskilins frests, skal eigi innheimta vörugjald skv. 1. gr. reglugerðar þessarar. Reglur um endurgreiðslu tolla sem settar eru samkvæmt heimild í 11. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. skulu gilda, eftir því sem við geta átt, um vörugjald samkvæmt reglugerð þessari.

### 4. gr.

Innflytjendur og aðrir sem selja hráefni og aðrar efnivörur til innlendra framleiðenda skulu við sölu á vörum sem vörugjald hefur verið greitt af við tollafgreiðslu færa söluna á sérstaka sölureikninga eða nótur og tilgreina þar fjárhæð vörugjalds, sbr. 4. mgr. 6. gr.

## III. KAFLI

### Innlend framleiðsla

### 5. gr.

Þær vörur sem taldar eru upp í 1. gr. þessarar reglugerðar og framleiddar eru hér á landi, fá einhverja vinnslumeðferð eða eru pakkaðar í neytendaumbúðir hér á landi eru gjaldskyldar til vörugjalds.

### 6. gr.

Vörugjald skv. 1. gr. reiknast á verksmiðjuverð. Með verksmiðjuverði er átt við söluverð frá verksmiðju eða framleiðanda án álagningar fyrir sölu- og dreifingarkostnaði. Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, t. d. vegna þess að kaupandi eða annar en framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað til framleiðslu, vinnslu eða pökkunar vöru, skal verksmiðjuverð teljast jafnt heildarandvirði hennar.

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast vörugjald 7% og 30%, sbr. 1. gr., á 87,45% heildsöluverðsins. Svarar það til 6,12% og 26,24% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði, svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en vörugjald myndar stofn til söluskatts.

Gjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldra vara frá verksmiðju eða framleiðanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Við skil í ríkissjóð á vörugjaldinu af innlendra framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til hinnar gjaldskyldu framleiðslu, sbr. 4. gr.

## 7. gr.

Vörugjaldsskyldir vegna innlendrar framleiðslu, vinnslu eða pökkunar á vörum, sem gjaldskyldar eru samkvæmt þessum kafla, eru allir þeir aðilar sem hafa með höndum einhvern slíkan atvinnurekstur eða starfsemi, hvort sem er til sölu eða til eigin nota.

Gjaldskyldir aðilar skulu innan eins mánaðar frá því að reglugerð þessi öðlast gildi senda ótilkvaddir tilkynningu um starfsemi sína til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu með sama hætti senda tilkynningu um leið og starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal greina nafn og heimili rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu sé um að ræða.

Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi semja skrár um alla þá sem hafa með höndum gjaldskylda starfsemi.

## 8. gr.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu færa gjaldskylda sölu á sérstakar sölunótur eða reikninga.

Nóturnar eða reikningarnir skulu bera greinilega með sér hvort vörugjald sé innifalið í heildarfjárhæðinni.

## 9. gr.

Allir þeir sem innheimta vörugjald skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattfyrirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um vörugjald.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda hinni gjaldskyldu sölu greinilega aðgreindri í bókhaldi sínu.

## 10. gr.

Þeir sem njóta vilja frádráttar frá innheimtu gjaldi af sölu, sbr. 4. mgr. 6. gr., skulu færa það vörugjald í sérstakan reikning sem greitt hefur verið við kaup á hráefnum til gjaldskyldrar framleiðslu. Niðurstaða þess reiknings færist síðan til frádráttar á skýrslu um vörugjald við skil til ríkissjóðs, og telst því ekki með hráefnis- eða framleiðslukostnaði og myndar ekki aðstöðugjaldsstofn.

## 11. gr.

Vörugjaldsskyldir aðilar og aðrir, sem tilgreindir eru á vörugjaldsskrá, sbr. 7. gr., skulu ótilkvaddir greiða fyrir hvern mánuð innheimtumanni ríkissjóðs (í Reykjavík tollstjóra) í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, vörugjald það sem þeim ber að standa skil á samkvæmt reglugerð þessari. Greiðslum skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um vörugjaldsskylda sölu eða afhendingu í þeim mánuði, þar með talin úttekt til eigin nota. Gjaldskylda sölu eða aðra afhendingu skal sundurliða eftir vöruheitum og tollskrárnúmerum. Einnig skal tilgreina upplýsingar um frádrátt, svo og fjárhæð þess vörugjalds sem inna ber af hendi.

Vörugjaldsskýrslu ber einnig að skila innheimtumanni fyrir hvern mánuð, þótt ekki hafi verið um vörugjaldsskylda sölu eða afhendingu að ræða. Innheimtumenn skulu veita skýrslu viðtöku, þótt eigi fylgi greiðsla.

## 12. gr.

Vörugjaldi ásamt vörugjaldsskýrslu, sbr. 11. gr., skal skila fyrir hvern mánuð. Gjaldþagi er 15. dagur annars mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag, færist eindagi á næsta virkan dag á eftir.

## IV. KAFLI

## Ýmis ákvæði

## 13. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendi framleiðsluvöru, eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða þökkun hér á landi, skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 10 10. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim. Um ágreining vegna flokkunar hér umræddra vara til gjaldskyldu skv. 1. gr. skulu þó gilda ákvæði 35. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, sbr. 1. málsg. þessarar greinar.

## 14. gr.

Óheimilt er vegna álagningar vörugjalds samkvæmt reglugerð þessari að hækka verð vörubirgða sem vörugjald samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald hefur verið greitt af.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með áorðnum breytingum nema þyngri refsingar eða viðurlög liggi við samkvæmt ákvæðum annarra laga.

## Ákvæði til bráðabirgða

Af birgðum innfluttra gjaldskyldra vara samkvæmt reglugerð þessari sem hlotið hafa fullnaðartollafgreiðslu fyrir 1. janúar 1981 og vörugjald hefur verið greitt af samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979 um vörugjald skal eigi innheimta gjald samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Frá og með 1. janúar 1981 skal hins vegar innheimta gjald skv. 1. gr. þessarar reglugerðar af vörum sem ótollafgreiddar voru hinn 31. desember 1980.

Af vörum sem afhentar hafa verið innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga eða heimildir í öðrum lögum, skal í stað vörugjalds samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald greiða vörugjald skv. 1. gr. reglugerðar þessarar nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku reglugerðarinnar.

Af birgðum sem innlendir framleiðendur gjaldskyldra vara skv. 1. gr. eiga hinn 31. desember 1980 skal greiða gjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979 um vörugjald og kemur greiðsla gjalds samkvæmt ákvæðum þeirra laga í stað greiðslu gjalds samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar þrátt fyrir að sala eða afhending fari fram eftir 1. janúar 1981, enda liggi fyrir staðfesting af hálfu tollyfirvalds um stöðu birgða hinn 31. desember 1980. Gjaldskyldir aðilar skulu áður en sala eða afhending hefst á árinu 1981, þó eigi síðar en hinn 5. janúar 1981, snúa sér til tollstjóra þar sem hin gjaldskylda framleiðsla fer fram með beiðni um staðfestingu um stöðu birgða og skal fylgja beiðni skýrsla um magn og verksmiðjuverð. Skal gjaldi þessu skilað ásamt gjaldi vegna sölu eða afhendingar í desember eða afhendingar eða sölu fyrir þann tíma, eigi síðar en 1. febrúar 1981, ásamt skýrslu um vörusölu í

desember 1980, eða vörusölu fyrir þann tíma sem eigi hefur verið gerð grein fyrir samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979, svo og staðfestri skýrslu um magn og verk-smiðjuverð birgða í árslok, sbr. hér að framan.

Gjaldi vegna sölu eða afhendingar frá framleiðanda á árinu 1981 skal síðan skilað á reglulegum gjalddögum samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, sbr. 12. gr., og skal í því sambandi telja að fyrstar séu seldar eða afhentar vörur er framleiðandi átti í birgðum hinn 31. desember 1980. Þannig skal draga heildarandvirði birgða um áramót frá heildarandvirði seldra eða afhentra vara í janúar 1981 og greiða vörugjald samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar af mismuninum. Sé heildarandvirði birgða um áramót hærra en vörusala í janúar skal mismunurinn á sama hátt dreginn frá sölu í febrúar og síðar mánaðarlega uns vörusala ársins fer fram úr verðmæti vörubirgða um áramót.

Framleiðendur vörugjaldsskyldra vara mega stunda framleiðslu samkvæmt leyfum sem í gildi eru við gildistöku reglugerðar þessarar og útgefin voru samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 9/1979 um vörugjald miðað við gildistíma leyfisbréfs, en að þeim tíma liðnum skulu viðkomandi framleiðendur afla sér iðnaðarleyfis samkvæmt ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978 til áframhaldandi reksturs.

#### 15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 77 23. desember 1980 um vörugjald, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1981.

*Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1980.*

**Ragnar Arnalds.**

*Höskuldur Jónsson.*

## REGLUGERÐ

### um aukatekjur ríkissjóðs.

#### 1. gr.

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Áfrýjunarleyfi	kr.	180
2. Nóvaleyfi	—	180
3. Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavigsluskilyrðum	—	90
4. Lögskilnaðarleyfi	—	180
5. Ættleiðingarleyfi	—	90
6. Leyfisbréf til heildsölu	—	8 925
7. Leyfisbréf til umboðssölu	—	4 465
8. Leyfisbréf til smásölu	—	2 220
9. Leyfisbréf til lausaverslunar	—	1 795
10. Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	—	90
11. Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	—	1 795
12. Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi	—	900
13. Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	—	640
14. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl.	—	90
15. Leyfi til tækifærisveitinga	—	90
16. Leyfi fyrir vínveitingastað	—	7 180
17. Leyfi fyrir vínveitingastað til skemmri tíma en tveggja ára	—	3 590